


Nettengd Biblía fyrir börn kynnir

Vertu sæll
Faraó!



Höfundur: Edward Hughes

Myndskreytingar: Janie Forest

Aðlagað af: Lyn Doerksen

Þýðandi: Práinn Kristjánsson

Framleiðandi: Bible for Children
www.M1914.org

©2007 Bible for Children, Inc.

Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta þessa sögu,
en ekki selja.





Faraó var reiður! Guð
hafði skipað honum, í
gegnum Móse, að leyfa
ísraelsku þrælunum að
yfirgefa Egyptaland.
Hann þvertók fyrir það.








"Aukið vinnuálag þeirra"
skipaði Faraó
þrælahöldurum sínum.
Aðstæður Ísraela urðu
nú mun erfiðari en áður.



“Farið sjálf til að við að ykkur hálmi. Við útvegum hann ekki lengur. En búið til jafn marga múrsteina sem áður.” Þetta voru nýjar fyrirskipanir frá Faraó.



Prælahaldararnir
þískuðu suma þrælana fyrir
að hafa ekki tíma til að safna
hálm, og samt búa til nóg af
múrsteinum.





Fólkið ásakaði Móse og Aron fyrir örðugleika sína. Móse bað til Guðs. "Drottinn minn," hrópaði hann, "Þú hefur ekkert gert til að bjarga fólkinu þínu."

"Ég er Drottinn og ég mun leysa ykkur úr ánauðinni", svaraði Guð.



Þá sendi Guð Móse
og Aron aftur til
Faraó. Þegar Faraó
bað þjóna Guðs um
tákn frá Guði,
breyttist stafur
Arons í skríðandi
snák.






“Kallið á töframenn mína,” öskraði Faraó. Þegar egypsku töframennirnir fleygðu niður stöfum sínum, breyttust stafir þeirra líka í snáka. En stafur Arons gleypți alla hina. Samt leyfði Faraó fólkinu ekki að fara.



Morguninn eftir, hittu Móse og Aron Faraó niður við ána. Þegar Aron rétti út staf sinn, umbreytti Guð vatni árinna í blóð. Fiskurinn dó, og vatnið varð óhæft til drykkjar.



En hjarta Faraós harðnaði. Hann vildi ekki leyfa fólkinu að fara frá Egyptalandi.



Og aftur sagði Móse Faraó að leyfa fólkinu að fara. Faraó neitaði aftur, og Guð sendi aðra plágu.

Komu þá upp froskar og huldu allt Egyptaland. Hvert hús, hvert herbergi, og meira að segja eldunarofnar, allt var yfirfullt af froskum.






“Biðjið fyrir mér,
að Drottinn
fjarlægi
froskana”, bað
Faraó. “Þá skal
ég leyfa fólkinu
ykkar að fara.”
En þegar
froskarnir voru
farnir, skipti
Faraó um skoðun
og leyfði
þrælunum ekki
að fara.




Þá sendi Guð billjónir lítilla skordýra sem kallast lýs. Þetta varð mönnum og fénaði til mikilla þjáninga, en Faraó hlýddi ekki Drottni.





Næst sendi Guð flugur,
urmul af þeim. Guð sendi
farald til að útrýma
kvikfénaði Egyptalands.
Guð sendi sársaukafull
kýli.





Fólkið þjáðist hræðilega.
Þrátt fyrir allt þetta,
neitaði Faraó að hlýða
Drottni.





Eftir kýlpláguna
sendi Guð mergð af
engisprettum.
Engispretturnar
átu upp allan
grænan gróður
landsins.






Því næst sendi Guð
algert myrkur í
þrjá daga. En
Faraó var uppfullur
þvermóðsku og
leyfði fólkinu ekki
að fara.




“Ég mun senda enn eina plágu,”
aðvaraði Guð. “Um miðnætti munu allir frumburðir manna og fénaðar deyja í Egyptalandi.” Guð sagði Ísraelum, að frumburðir þeirra mundu bjargast, ef þeir settu lambsblóð á dyrastafi sína.





Á miðnætti varð mikill grátur um allt Egyptaland. Dauðinn kom í heimsókn. Að minnsta kosti einn hafði dáið á hverju heimili.






"Farðu í burtu", grátbað Faraó Móse. "Farðu og þjónaðu Drottni." Fólk drottins hélt án tafar út úr Egyptalandi.






Guð sagði Móse
að minnast Páskanæturinnar, því að Engill Drottins
hafði sneitt hjá heimilum Ísraela, en lostið
niður hjá
Faraó og
fólki
hans.





Loksins, að liðnum 430 árum í Egyptalandi, var fólk Drottins frjálst. Guð gekk fyrir þeim í skýjastrók til að vísa þeim veg á daginn, en í eldsúlu á nóttinni.





En Faraó var ekki tilbúinn að sleppa Ísraelum úr ánauðinni. Fyrr en varði, hafði hann gleymt Guði og breytt aftur um skoðun. Faraó kallaði her sinn saman, og hélt á eftir þrælunum. Fljótlega, hafði hann króað þá af milli kletta og hafs.



“Drottinn mun berjast fyrir ykkur,” sagði Móse.
Móse gekk fram og rétti hönd sína yfir hafið.





Þá gerðist mikið
kraftaverk. Guð
opnaði göngustíg í
gegnum vatnið.
Fólkið fór yfir
slysalaust.



Egypski herinn fór á eftir þeim út í Rauða Hafið. "Nú náum við þeim," hugsuðu hermennirnir. En Guð lét vötnin falla, og hafið gleypti hinn öfluga her Egypta. Þá loksins, vissi Faraó að Guð Ísraela var Drottinn allra.



Vertu sæll Faraó!

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,

er að finna í

Annarri Mósebók 4-15

“Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau.”

Sálmarnir 119:130



Endir



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð, sem skapaði okkur,
og sem vill að þú þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem hann kallar synd. Hegning syndarinnar er dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar. Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til að lifa í þér, og þú með honum til eilíðar.

Ef þú trúir þessu, segðu þá eftirfarandi til Guðs:
Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem komst í líki manns til að deyja fyrir syndir mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og komið svo til að vera með þér í himnaríki. Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á hverjum degi!

